

Hvernig metum við hið ómetanlega?

Auðlindir og nýting þeirra

Guðbrandsstofnun í samstarfi við Ferðamálastofu, Landvernd og Orkustofnun standa að ráðstefnu um náttúruna og auðlindanýtingu. Ráðstefnan verður haldin á Hólum í Hjaltadal 3.- 5. desember.

3. desember

20:00 Sólveig Anna Bóasdóttir. **Hið ómetanlega:** Er náttúran og auðlindirnar ómetanlegar? Hvers vegna ef svo er? Hvað merkir ómetanlegt? Hvernig metum við, virðum og lifum með hinu ómetanlega?

8:30 4. desember, morgunverður

10:00 Setning ráðstefnunnar

10:30 **Auðlindir og ábyrgð:** Hvað gerir auðlind? Hvenær hættir landssvæði að vera bara til og fer að vera til fyrir tiltekna hagsmuni? Hver er ábyrgð okkar í því ferli?

12:30 Hádegisverður

13:30 **Auðlindanýting í hnattrænu samhengi:** Nærumhverfi, þjóðarumhverfi, heimsumhverfi, hvaða skuldbindingar, réttindi og mögulegur ágreiningur tengjast misþröngri sýn á auðlindanýtingu?

15:30 Kaffi

16:00 **Endurnýjanleiki og sjálfbærni:** "Svört" eða "hvít" náttúruvernd, nýting og varðveisla auðlinda – mismunandi sjónarmið? Manngert umhverfi og náttúra – hvenær rennur þetta í eitt?

19:00 Pétur Gunnarsson. Hugvekja

19:30 Kvöldverður – Hlaðborð með jólapema

8:00 5. desember, morgunverður

9:00 **Kerfisvöld-þjóðarhagur:** Kerfi hverra, skipuð af hverjum og fyrir hverja? Árekstrar við þjóðarhag í nútíð og framtíð? Takmörkun möguleika eða útvíkkun?

11:00 Samantekt og ráðstefnuslit

Erindi flytja: Anna Dóra Sæpórsdóttir Háskóla Íslands, Arnar Pálsson Háskóla Íslands, Arnheiður Eypórsdóttir Háskólanum á Akureyri, Árni Einarsson Rannsóknastöðinni við Mývatn, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir Skipulagsstofnun, Daði Már Kristófersson Háskóla Íslands, Georgette Leah Burns Háskólanum á Hólum, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir Háskóla Íslands, Guðrún A. Sævarsdóttir Háskóla Reykjavíkur, Hilmar Malmquist Náttúruminjasafni Íslands, Hjalti Hugason Háskóla Íslands, Kristinn Einarsson Orkustofnun, Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri, Ósk Vilhjálmisdóttir Hálandisferðum, Sólveig Anna Bóasdóttir Háskóla Íslands, Þorvarður Árnason Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands.

Ráðstefnugjald er 2.500 kr. Innifalið í því er hádegisverður og kaffi á fimmtudag.

Skráning á ráðstefnuna er á heimasíðunni:

<http://goo.gl/forms/NjHACjYdI>

Allar nánari upplýsingar veita:

Erla B. Örnólfssdóttir erlabjork@holar.is og

Hjalti Hugason hhugason@hi.is

Ráðstefnugestir greiða sjálfir fyrir þjónustu vegna þátttöku í ráðstefnunni. Ferðapjónusta er á Hólum.


Kostnaður við gistingu og mat er sem hér segir:

Gisting í tveggja manna herbergi er 6.000 kr. nóttin á mann en eins manns herbergi kostar kr. 7.500, morgunmat er innifalinn.

Hlaðborð fimmtudagskvöld kostar kr. 5.500 og hádegisverður á föstudag 1.800 kr.

Bókun fyrir gistingu og mat er hjá:

Ferðapjónustunni á Hólum booking@holar.is

 NÁTTÚRUVERNDARSIÓÐUR
PÁLMA JÓNSSONAR
STOFNANDA HAGKAUPS

Styrkir
ráðstefnuna